

1. gr.

Fólkvangur Neskaupstaðar er friðland, þar sem eingöngu gangandi fólk er frjáls umferð, enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum á svæðinu, og ætlazt er til góðrar umgengni af vegfarendum í hvívetna.

2. gr.

Umferð vélknúinna ökutækja um fólkvanginn er stranglega bönnuð. Einnig er bönnuð meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.

3. gr.

Öll mannvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil á svæðinu, en bælt verður úr spjöllum, sem þegar hafa verið unnin innan þess og þar um fylgt fyrirmælum Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar. Einnig er nefndinni heimilt að láta lagfæra gönguleiðir á svæðinu og gera aðrar ráðstafanir, er þurfa þykir, til að greiða götu vegfarenda.

4. gr.

Bannað er að beita húpeningi innan hins friðlýsta svæðis.

5. gr.

Eftirlit með fólkvangnum er í höndum Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar og þeirra aðila, sem hún kann að kveðja þar til.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 skal athugasemdum við þessa friðlýsingu komið á framfæri við Náttúruverndarráð eigi síðar en 8 vikum frá birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 11. apríl 1972.

F. h. Náttúruverndarráðs,

Birgir Kjaran, formaður.

SAMPYKKTIR**Veiðifélags fyrir Laxá í Skefilsstaðahreppi, Skagafirði.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Laxár, Skefilsstaðahreppi. Heimili þess og varnarþing er í Skefilsstaðahreppi, Skagafirði.

2. gr.

Félagið nær til jarða, sem land eiga að Laxá, Grímsá, Ytri og Syðri Tjörnum í Hvammslandi og síki í Sævarlandsengi, en þær eru Sævarland, Hvammur, Skíða- staðir, Herjólfsstaðir, Heiði, Illugastaðir, Hrafnagil, Hafragil, Þorbjargarstaðir, auk þess liggja afréttarlönd að þessu vatnasvæði.

3. gr.

Verkefni félagsins er að stunda fiskirækt og viðhalda góðri fiskgengd á félags- svæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gengi þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða sér menn til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

6. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar.

Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Flóamanna.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Flóamanna. Heimili þess og varnarþing er í Hraungerðishreppi Árnassýslu.